

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

12. desember 2025
UOS2501560/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2025 – ID 34

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með urðunarstað Norðurþings við Kópasker. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi (frávík sett fram einnig núna árið 2024). Samkvæmt skráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 599 t árið 2023 sem eru 99 t umfram heimild starfsleyfis. Takmarka skal magn og mótteknar tegundir úrgangs við móttökuheimildir starfsleyfis. **Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 3. júní sl. vegna frávika í eftirliti ársins 2024. Áhrif af úrbótum rekstraraðila sem lögð var fram í úrbótaáætluninni hafa ekki komið fram en úrbætur verða teknar út við skil á skráningum vegna ársins 2025. Eingöngu verður hægt að loka frávikinu þegar sýnt er fram á að ekki sé urðað umfram móttökuheimildir starfsleyfis.**
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi (frávík sett fram árið 2023 og 2024). Skráningum vegna tl. nr. 3 og 4 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað og varða þær yfirlit yfir stöðu urðunarstaðar og sigmælingar í skráningum. **Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun síðan 3. júní 2025. Verða úrbætur teknar út við næstu skil ársyfirlits.**
3. Gr. 5.4 í starfsleyfi (frávík 2023 og 2024). Rekstraraðila ber að virða skilafrest á skráningum og skila í niðurstöðum ársyfirlits í samræmi við starfsleyfi. **Rekstraraðili hefur ekki skilað til Umhverfis- og orkustofnunar fullnægjandi skráningum í ársyfirliti innan tilskilins tímafrests og frávikið því opið.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Niðurstöðum vegna vöktunar var skilað eftir eftirlit. Olía/fita mælist í niðurstöðum úr sýnatökum ársins 2024 í öllum grunnvatnsbrunnum sem og í yfirborðsvatni við urðunarstaðinn á Kópaskeri og á það einnig við um niðurstöður úr mælingum vegna urðunarstaðar Norðurþings í Laugardal, sem skilað var inn samhliða (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urðunarstaður Norðurbings við Kópasker hefur heimildir til urðunar á 500 tonnum af úrgangi á ári. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar voru urðuð 617 tonn á urðunarstaðnum í Kópaskeri árið 2024 eða um 117 tonn umfram heimildir starfsleyfis. **Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 3. júní 2025 vegna frávíks sem varðar sama atriði og á við árið 2023 og í henni kemur fram lýsing á aðgerðum sem rekstraraðili vinnur eftir til að ná niður magni úrgangs sem urðað er inn á urðunarstað.**
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að geyma um 50 tonn af brotamálmi á hverjum tíma á urðunarstaðnum. Á urðunarstað var úrgangur sem gera má ráð fyrir að þegar eftirlit fór fram fari umfram þær móttökuheimildir sem koma fram í starfsleyfi. Fjarlægja verður allan úrgang af urðunarstaðnum sem er umfram það sem tilgreint er í starfsleyfi, úrgangurinn þarf að rúmast innan móttökuheimilda eða þarf að sækja um breytingu á móttökuskilyrðum starfsleyfis.
3. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal sjá til þess að aðgangur að athafnasvæðinu sé takmarkaður og að svæðið sé afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Umhverfis urðunarstaðinn eru girðingar í slæmu ásigkomulagi, þá sérstaklega austan megin við urðunarstaðinn.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Við eftirlit var ekki sýnt fram á fullnægjandi skráningar á mótteknum úrgangi. Rekstraraðili skal halda saman skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti. Skrá skal upplýsingar um uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangs. Slíkar skráningar þurfa að vera aðgengilegar þegar eftirlit fer fram.
5. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningum var ekki skilað varðandi tölul. 1, 2, 3, 4 og 5 vegna rekstrarársins 2024. Varða þær skráningar yfirlit yfir móttekinn úrgang, stöðu urðunarstaðar, sigmælingar og núllskráningar á því sem ekki á við um eftirfarandi rekstrarár (tölul. 2 og 5). **Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun dagsettri þann 3. júní 2025, vegna frávíks sem varðar sama atriði en á við um árið 2023.**
6. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rennslismælingar úr Snartarstaðalæk koma ekki fram í skilum á vöktun úr innra eftirliti rekstraraðila.
7. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað. **Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun dagsettri þann 3. júní 2025, vegna frávíks sem varðar sama atriði en á við um árið 2023.**
8. Frávik frá III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. gr. rg. nr 535/2011 um um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Vökun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Kópasker náist

ekki. Í brunni Kóp-G mælist olía = 46 mg/L (árið 2023 = 5 mg/L) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í Kóp-D mælist olía 16 mg/L (árið 2023 = <2 mg/L) og í Kóp-F mælist hún 27 mg/L (árið 2023 = 9 mg/L). Í yfirborðsvatni úr Snartastaðalæk mælist olía um 37 mg/L.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

teymisstjóri í teymi eftirlits